

Ályktun frá formannafundi SGS 7. september 2018

Félagsleg undirboð og brotastarfsemi verði ekki liðin á vinnumarkaði

Einn fylgifyska stóraukinnar ferðaþjónustu og byggingaframkvæmda síðustu ár eru aukin félagsleg undirboð á vinnumarkaði og bein misnotkun á fólki sem kemur hingað til lands að vinna. Aðildarfélag Starfsgreinasambands Íslands hafa orðið vör við þessa þróun ásamt ótal birtingamynda félagslegra undirboða.

Má þar nefna:

- Ólöglega sjálfboðaliðastarfsemi
- Launastuld
- Ófullnægjandi ráðningasamninga
- Misnotkun á vinnandi fólki
- Brot á ákvæðum um hvíldartíma
- Óviðunandi aðbúnað
- Misnotkun í tengslum við útleigu íbúðarhúsnæðis í eigu atvinnurekanda

Að mati formanna Starfsgreinasambands Íslands er ekki nóg að gert. Þörf er á grettistaki af hendi stjórnvalda við að berjast gegn ótal birtingamyndum félagslegra undirboða.

Formenn aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins krefjast þess að stjórnvöld hefji þegar í stað vinnu við úrbætur á sviði eftirlits og lagasetningar og leggist á árarar með stéttarfélagunum til að uppræta félagsleg undirboð. Það er ópolandi og með öllu ólíðandi að uppsveifla í efnahagslífinu sé að hluta til drifin áfram af misnotkun á vinnandi fólki.

Eftirlit: Samræma þarf og þetta vinnustaðaeftirlit út um allt land. Þegar best hefur til tekist hafa Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun, Ríkisskattstjóri, lögreglan og stéttarfélögin sameinast um aðgerðir á ákveðnum svæðum og nýtt þau úrræði sem hver og ein stofnun hefur.

Því miður hefur verið misbrestur á þessari samræmingu síðustu misseri og ljóst að flókið getur reynt að samræma svo marga aðila til aðgerða. Nauðsynlegt er að greina hver hefur hvaða heimildir og formgera samráð og samstarf betur. Þá þarf að styrkja stoðir eftirlitsins þannig að fulltrúar viðkomandi stofnana geti einnig haft eftirlit með aðbúnaði og kjörum vegna húsnæðis ef atvinnurekandi er jafnframt leigusali.

Viðbrögð við launaþjófnaði: Að mati SGS er kominn tími til að sérstaklega verði refsað fyrir launaþjófnað með sektargreiðslum. Í dag geta stéttarfélögin einungis gert kröfu um afturvirkar launagreiðslur með dráttarvöxtum.

Þeir atvinnurekendur sem vísitandi stela launum af starfsfólki standa því einungis frammi fyrir því að þurfa að greiða launin ef upp um þá kemst og viðkomandi starfsmaður krefur þá um launin. Stéttarfélögin gera annars vegar greinarmun á þeim atvinnurekendum sem vegna vanþekkingar greiða rangt og leiðrétt laun gagnvart öllum starfsmönnum eftir athugasemdir og hins vegar þeim atvinnurekendum sem síendurtekið og meðvitað stela launum frá starfsfólki. Hörð refsing verður að fylgja slíku háttalagi.

Upprættum ólögleg sjálfboðastörf: Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa gert samkomulag um hvað telst til vinnu sem greitt skal fyrir. Bændasamtök Íslands og



Starfsgreinasamband Íslands hafa einnig gert með sér svipað samkomulag. Stéttarfélögin hafa ítrekað orðið þess áskynja að atvinnurekendur fara á svig við þennan ramma og lög sem gilda um endurgjald fyrir vinnu. Það er sjálfstætt verkefni að rannsaka sjálfböðastörf hér á landi, sérstaklega í landbúnaði og ferðaþjónustu. Rík áhersla á sjálfböðaliðastörf í þessum atvinnugreinum grafa undan vinnumarkaðnum og samkeppnisstöðu fyrirtækja. Áríðandi er að benda á að sjálfböðaliðar eru oftast en ekki ótryggðir ef eitthvað kemur uppá. Slík brot eru skýr dæmi um félagsleg undirböð sem brýnt er að taka á með fullum þunga og beita sektarákvæðum ef til þarf.

Aðgerðaráætlun gegn mansali: Ein versta mynd félagslegs undirböðs er mansal á vinnumarkaði og hafa stéttarfélögin beðið eftir aðgerðaráætlun síðustu tvö árin. Það er löngu tímabært að stjórnvöld geri það sem til þeirra friðar heyrir til að uppræta mansal enda þolinmæði þeirra sem sjá skelfilegar afleiðingar mansals löngu þrotin.